

**1989 nr. 92 1. júní****[Lög um framkvæmdarvald ríkisins í hér-aði]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr.

- [1. gr.]<sup>1)</sup> Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórn-sýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó [3. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr.

- [2. gr.]<sup>1)</sup> Landið skiptist í 26 stjórnsýslumáðum auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Sel-tjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarnefshrepp og Kjósar-hrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólma-vík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrúkur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Neskaupstaður, 18. Eskiþjörður, 19. Höfn í Hornafirði, 20. Vík í Mýrdal, 21. Hvolsvöllur, 22. Vestmannaeyjar, 23. Selfoss, 24. Keflavík, 25. Keflavíkurflugvöllur, 26. Hafnar-fjörður, 27. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.-27. tölul. skulu ákveðin með reglugerð<sup>2)</sup> að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórn.

- Eigi má fækka stjórnsýslumáðum eða taka upp ný nema með lögum.

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr. <sup>2)</sup> Rg. 57/1992, sbr. 500/1996 og 74/1998.

- [3. gr.]<sup>1)</sup> Með þau verkefni, sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum, fara lögreglustjórinna í Reykjavík, toll-stjórinna í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinna í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaftirlit, ásamt þeim störfum sem honum eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga.

2. Tollstjórinna í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin

öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.

3. Með önnur störf en þau, sem falla innan marka 1. og 2. tölul., fer sýslumaðurinn í Reykjavík.

- Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verk-efni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr.

- [4. gr.]<sup>1)</sup> Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr. <sup>2)</sup> Rg. 57/1992.

- [5. gr.]<sup>1)</sup> [Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.]<sup>2)</sup> Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra.

- Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi [almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr. <sup>2)</sup> L. 83/1997, 27. gr.

- [6. gr.]<sup>1)</sup> Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sínna.

- Dómsmálaráðherra getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verk-efnum. Heimilt er að [ráða]<sup>2)</sup> sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðengill sýslumanns, enda full-nægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

- Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem [sýslumaður]<sup>2)</sup> telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda [sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreyngslu].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr. <sup>2)</sup> L. 83/1997, 28. gr.<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr.

- [7. gr.]<sup>1)</sup> Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

<sup>2)</sup> L. 15/1998, 36. gr.

- ...<sup>1)</sup> L. 15/1998, 36. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 103. gr.

<sup>1)</sup> L. 91/1991, 161. gr.

- ...<sup>1)</sup> L. 91/1991, 161. gr. og l. 15/1998, 36. gr.